



Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 AKUREYRI

Akureyri, 25. apríl 2016
Tilvísun: 2016040043
GHG/

Efni: Niðurfelling vega af vegaskrá.

Með gildistöku vegalaga nr.80/2007 var skilgreiningu stofnvega breytt með þeim hætti að ákveðnir vegir, sem áður skilgreindust á forræði ríkisins, skilgreinast nú sem stofnvegir í þéttbýli og þar með á forræði viðkomandi sveitarfélags.

Þessu mótmælti Samband íslenskra sveitarfélaga, m.a. með bréfi til samgönguráðherra dags. 27. febrúar 2009. Kom m.a. fram í því bréfi, að sambandið teldi nauðsynlegt að fram færu formlegar viðræður um vegaskrána milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en gengið yrði frá samningum milli Vegagerðarinnar og einstakra sveitarfélaga um yfirfærslu vega til sveitarfélaga.

Ráðuneytið svaraði þessu erindi með bréfi dags. 3. febrúar 2009 og leggur til að Vegagerðin hefji viðræður við sambandið um málið. Í bréfinu segir síðan: "Í þeim viðræðum verði leitast við að greina og meta kostnaðaráhrif þeirra breytinga sem tillaga að nýrri vegaskrá hefur í för með sér fyrir einstök sveitarfélög og svæði". Og einnig: "Ráðuneytið leggur jafnframt til að Vegagerðin bíði með frekari ákvarðanir á grundvelli fyrirbyggjandi tillögu að vegaskrá fyrir en að afloknu ofangreindu ferli og að höfðu samráði við samgönguráðuneytið".

Með vísun til þessara tilmæla ráðuneytisins voru síðan haldnir þrjú fundir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga í febrúar til maí 2009. Á þessum fundum kom fram hjá Vegagerðinni, að hún mundi skila þessum vegum í "viðunandi ástandi" í samráði við sveitarfélögin. Vegna ástands í efnahagsmálum hefur viðræðum þessum seinkað en þó hefur nokkrum vegum verið skilað bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi.

Þann 17.febrúar 2015 samþykkti Alþingi ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 80/2007 (10.gr), svohljóðandi:

„Vegagerðinni er heimilt að semja við sveitarfélögin um yfirfærslu vega frá Vegagerðinni til sveitarfélaga sem færðust úr flokki stofnvega við gildistöku laga nr.80/2007. Heimilt er að Vegagerðin annist veghald veganna eða semji við sveitarfélögin um það til ársloka 2019.

Þeir þjóðvegir á Akureyri sem um ræðir eru: Hluti Borgarbrautar, Hlíðarbrautar og Hlíðarfjallsvegar, hluti Hjalteyrargötu, Silfurtangi og Laufásgata (sjá meðfylgjandi mynd merkt með bláu).

Vegagerðin óskar eftir viðræðum við Akureyrarbæ um hvað gera þurfi til þess að koma umræddum vegum í það ástand, að unnt sé að skila þeim í "viðunandi ástandi" og til samræmis við ákvæði núgildandi vegalaga.

Virðingarfyllt,

Gunnar Helgi Guðmundsson
Svæðisstjóri Norðursvæðis

